

# Hörgársveit

# Fréttabréf

3. árg., 14. tbl., 11. október 2012

## Styrkir til eflingar atvinnulífs

**Umsóknarfrestur er til 10. nóvember 2012**

Auglýst hefur verið eftir umsóknum um styrk/styrkir til verkefna sem styðja atvinnulíf í Hörgársveit. Heildarfjárhæð styrkja er 500.000 kr. Upphæðinni verður annaðhvort veitt til eins verkefnis eða henni deilt niður á smærri verkefni.

Með umsókn skal fylgja greinargerð um framkvæmd verkefnisins. Nánar á heimasíðunni [www.horgarsveit.is](http://www.horgarsveit.is)

**Hörgársveit**

**Kjörskrá**

**vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október 2012**

liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins til kjördags

**Hörgársveit**

**Kjörfundur þjóðaratkvæðagreiðslu**

**20. október 2012**

**verður í Hlíðarbæ**

**frá kl. 10:00 til kl. 22:00,**

þó verður kjörfundi lokað kl. 20:00 ef enginn kemur að greiða atkvæði í a.m.k. hálfu klukkustund (t.d. 19:30-20:00)

Kjörstjórn

**Hörgársveit**

**Sími:** 461 5474 **Fax:** 461-5475

**Netfang:** [horgarsveit@horgarsveit.is](mailto:horgarsveit@horgarsveit.is)

**Póstfang:** belamerkurskóli, 601 Akureyri

**Veffang:** [www.horgarsveit.is](http://www.horgarsveit.is)

## Fundur um Blöndulínu 3

- er önnur leið ? -

Veitingahúsinu að Engimýri í Öxnadal laugardaginn 20. október. Skorað er á alla íbúa Hörgársveitar sem og landeigendur að mæta á fundinn. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Aðgangur ókeypis. Hægt verður að kaupa súpu og brauð í hádeginu fyrir kr. 1.500.

10:00 Skráning og kaffi

10:15 „Flutningur raforku – hvað mikið, hvernig og fyrir hverja?“ Gauti Hallsson, orkutækniþjálfari, framkvæmdastjóri DEXA

orkutæknilausna og fv. framkvæmdastjóri Becromal á Akureyri  
10:35 „Hvar standa landeigendur?“ Sif Konráðsdóttir og Ólafur Valsson, landeigendur, Hólum

11:05 „Frá sjónarhóli Skagfirðinga“ Helga Rós Indriðadóttir, leiðsögumaður í Skagafirði og Hrafnhildur Brynjólfadóttir, skipulagsfræðingur í Reykjavík

11:25 Fyrirspurnir og umræður

12:00 Hádegisverður og kaffi

12:30 Framhald umræðna

13:30 Áætluð fundarlok

Auk framsögumanna munu sitja í pallborði fulltrúi sveitarfélagsins, bændur og fleiri. Fundarstjóri er Bjarni E. Guðleifsson, náttúrufræðingur, í stjórn Menningarfélagsins Hrauns í Öxnadal.

## Gámar

Gámar fyrir óflokkaðan úrgang, sem verið hafa við **Mela** í Hörgárdal og **Jónasarlund** í Öxnadal, verða teknir úr notkun og fjarlægðir fyrir næstkomandi mánaðamót, október/nóvember.

Kostnaður við meðhöndlun og förgun óflokkaðs úrgangs hefur aukist mjög undanfarin misseri og því er vaxandi áhersla lögð á flokkun hans til endurvinnslu. Því er hvatt til að heimilin noti endurvinnslutunnuna sem mest. Þá voru í sumar sérstakar söfnunarferðir fyrir brotajárn, timbur og hjólbarða til að koma í endurvinnslu. Viðbótarsöfnunarferð vegna þessara úrgangsflokka verður í þessum mánuði. Þeir sem þurfa að losna við þessa hluti þurfa að hafa samband við Jonna í síma 860 6846 eða í netfangið [jonni@horgarsveit.is](mailto:jonni@horgarsveit.is).

Að auki verður sérstök söfnun á rafgeymum og öðrum spilliefnum á næstunni. Þeir sem vilja losna slíkt hafi samband við Jonna.

**Næsti fundur sveitarstjórnar verður 17. október í þelamerkurskóla**

Dagskrá fundarins mun birtast á [www.horgarsveit.is](http://www.horgarsveit.is) síðdegis 15. október